

## **Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 19. september kl. 16:30, Síðumúli 15.**

Mætt voru: Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði: Daníel Örn.

### **Dagskrá**

#### Erindi afgreidd milli funda:

Aukin dómarréttindi voru samþykkt af stjórn að beiðni sýningadómaranefndar. Þórdís Björg Björgvinsdóttir í Chihuahua, Sóley Halla Möller í írskum setter, snögghærðum vorsteh og miniature schnauzer, Herdís Hallmarsdóttir í amerískum cocker spaníel, Daníel Örn Hinriksson í Shih Tzu og Sóley Ragna Ragnarsdóttir í Siberian husky. Erindið barst 29/8'22.

Að fenginni umsögn sýningastjórnar samþykkti stjórn HRFÍ deildarsýningu Smáhundadeildar þann 22. júlí 2023.

#### **Fréttir frá skrifstofu;**

Óskað hefur verið eftir breyttum verkferlum milli síðanefndar og skrifstofu. Skrifstofa óskar eftir því að síðanefnd skili af sér úrskurðum tilbúnum til birtingar. Of mikill tími fer í að prófarkalesa og leiðrétta úrskurði sem og taka út nöfn, einstaklinga og hunda.

Umsóknir um ættbókarfærslu gota og skil á gögnum er mjög ábótavant af hálfu félagsmanna og hægir verulega á allri afgreiðslu. Því er biðlað til félagsmanna að fara vel yfir þau gögn sem fylgja eiga umsóknum. Minnt er á að ef gögn fylgja ekki þarf að borga fyrir gagnaleit. Þá er minnt á gátlista fyrir ræktendur.

Leiðrétta hnéskeļjavottorðið, bæta inn tegundareit og minna á að fylla vottorðin út með ættbókarnafni hunds.

#### **Stofnun svæðafélags;**

Erindi barst stjórn HRFÍ þann 6. september síðastliðinn um stofnun svæðafélags Suðurlands. Með erindinu barst stofngerð fundarins, undirrituð af fundargestum.

Áður hafði borist erindi þess efnis en ljóst var að aðlaga þyrfti reglur um svæðafélög að nútímanum. Laganefnd félagsins fékk nýjar reglur til yfirlestrar. Stjórn samþykkti svo endanlega nýjar reglur um svæðafélög þann 1. júní 2022 og voru þær birtar í kjölfarið.

Stjórn samþykkir stofnun svæðafélags Suðurlands og óskar eftir því að þeir sem sendu inn erindið boða til fyrsta ársfundar.

#### **Fuglahundadeild;**

Deildin óskar eftir samþykkt stjórnar HRFÍ á auka prófi dagana 8. - 9. október.

Stjórn tók erindið fyrir og var réttilega á það bent að sömu helgi er Alþjóðleg sýning HRFÍ. Hingað til hafa ekki verið vinnu- eða veiðipróf á sýningarhelgum félagsins. Stjórn hafnar beiðni FHD um að halda próf þessa helgi en hvetur stjórn deildarinnar að finna aðra dagsetningu. Stjórn deildarinnar hafði óskað að öðrum kosti eftir því að halda prófið dagana 7. - 8. október, því er sömuleiðis hafnað.

**Samþykkt deildarsýningar;**

Sýningastjórn hefur skilað álitinu sínu vegna umsóknar schnauzer deildar fyrir deildarsýningu 4. - 5. febrúar 2023, án athugasemda..

Stjórn samþykkir umsókn deildarinnar.

**Erindi frá félagsmanni;**

Félagsmaður sendi erindi vegna hugleiðinga sinna um sæðingar og gildra ástæðna fyrir sæðingu.

Stjórn tók erindið fyrir. Stjórn bendir á reglur félagsins og telur uppgefnar ástæður ekki nægjanlegar til útgáfu undanþágu.

**Húsnæðismál;**

Fyrirhuguð var skoðun á auglýstri fasteign, fundurinn fékk upplýsingar af þeirri skoðun frá Önnu Maríu og Ingibjörgu Salóme.

Skoðaðar voru tvær eignir, Kaplahraun 19 og Melabraut 17. Þá var áhugaverðari eignin að Melabraut. Bókuð verður skoðun fyrir stjórn.

**Fulltrúaráðsfundur;**

Stjórn hyggst kalla til fulltrúaráðsfundar á næstu vikum.

**Samskipti HRFÍ og Advania;**

Við uppsetningu á vefsíðu fyrir Sam, [www.hundasamur.is](http://www.hundasamur.is), yfirtók sú vefslóð vefslóðina [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is). Unnið hefur verið þrotlaust að því að láta þetta ganga til baka en illa gengið. Svör frá Advania eru á þá leið að Weebly þurfi að laga þetta. Staðan er sú að boltanum er hent á milli án árangurs.

**Samfélagsmiðlar undir merkjum HRFÍ og meðferð á merkjum á félagsins.**

Stjórn óskar eftir umsögn laganefndar um meðferð á merki félagsins og merki FCI.

**Fundur með sýningastjórn;**

Stjórn samþykkti nýjan sýningatítill að beiðni sýningastjórnar, IS-Winner, sem veittur verður BOB/BOS hundum á nóvember sýningu félagsins. Títillinn fá þeir hundar sem verða BOB/BOS, og einnig JUN.BOB/BOS og VET.BOB/BOS.

Þá samþykkti stjórn að halda tvöfalda sýningu í júní árið 2023.

**Önnur mál;**

Fundi slitið klukkan 19:15